
2001 nr. 75 31. maí
Lög um sölu ríkissjóðs á hlutafé í
Landssíma Íslands hf.

Tóku gildi 15. júní 2001. Breytt með 1. 129/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004).

■ 1. gr. Heimild til sölu.

Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf.

■ 2. gr. Skuldbindingar.

Um skuldbindingar og starfsemi Landssíma Íslands hf. á sviði fjarskipta fer samkvæmt leyfisbréfi útgefnu af Póst- og fjarskiptastofnun og reglugerð um alþjónustu.

■ 3. gr. Gildistaka.

Lög þessi taka þegar gildi.

...

■ Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skal hlutabréf ríkissjóðs í Landssíma Íslands hf., útgefið 23. janúar 1998, vera ógilt við útgáfu á rafréfum í félaginu í verðbréfamiðstöð án undangenginnar innköllunar.

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. laga um hlutafélög gildir ekki um Landssíma Íslands hf. á meðan hlutafé er að fullu í eigu ríkissjóðs.

...¹⁾

¹⁾ L. 129/2003, 1. gr.